



HRUNAMANNAHREPPUR

80. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

21. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 18. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Rakel Theodórsdóttir, byggðapróunarfulltrúi Uppsveita, hitti sveitarstjórn á undan fundinum og kynnti starf sitt og framtíðarverkefni.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 22. fundar frá 8. desember 2025.**
Lögð fram fundargerð 22. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. **Samráðshópur um málefni aldraðra: Árlegur fundur með sveitarstjórn frá 4. desember 2025.**

Lögð fram fundargerð árlegs fundar með Samráðshópi um málefni aldraðra og sveitarstjórn Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn þakkar ánægjulegan og gagnlegan fund. Varðandi umræðu um snjómokstur og hálkuvörnir þá samþykkir sveitarstjórn að fela forstöðumanni eignasjóðs að gera tillögu að reglum um snjómokstur og hálkuvörnir og leggja fyrir fund Veitu- og framkvæmdanefndar. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

3. **Fundargerð 315. fundar skipulagsnefndar frá 10. desember 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. desember sl.**

Lögð fram fundargerð 315. fundar skipulagsnefndar frá 10. desember 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. desember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 23. Dalbær 2: Ketilhólar; Stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 02.09.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 28.168.3 fm landeign, Ketilhólar, úr jörðinni Dalbær 2 L166737 skv. meðfylgjandi merkjalýsingu.

AA DGS [Signature] ART BV

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahreppur geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu. Skipulagsnefnd áréttar að merkjalýsing og hnitaskrá er á ábyrgð merkjalýsanda.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við framlagða merkjalýsingu. Sveitarstjórn áréttar að merkjalýsing og hnitaskrá er á ábyrgð merkjalýsanda.

Mál nr. 24. Brúarhlöð: Uppbygging á ferðamannastað; Göngustígar og pallur; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Brúarhlaða L234128 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að bætt er við nýjum göngustíg sem nær lengra til suðurs og afmarkað er svæði fyrir útsýnispall þar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 25. Unnarholt II: Skipta upp lóð; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn er varðar Unnarholt II L220401 í Hrunamannahreppi. Í fyrirspurninni felst að óskað er eftir því að skipta lóðinni upp í 5 minni lóðir fyrir heilsárshús.

Skipulagsnefnd UTU vísar málinu til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn felur oddvita, sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa að hitta málsaðila til að fara betur yfir málið.

Mál nr. 26. Efra-Langholt: Rekstrarleyfi í flokki I og II; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags fyrir frístundasvæðið Uppsali í landi Efra-Langholts L166738. Í breytingunni felst að heimilt verði að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið verði grenndarkynnt innan skipulagsflákans og fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 27. Melar: Staðfesting lóðarmarka, sameining byggingarreita, vegleið felld niður; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Mela L166840 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að lóðamörk eru uppfærð til samræmis við samþykkt lóðarblöð, tveir byggingarreitir fyrir gróðurhús eru sameinaðir í einn og vegur

sem áður lá milli Mela og Hrafnkelsstaða 2A verður lokaður og ný vegtenging fyrirhuguð vestan við lóð Mela.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 28. Melakvísl 2B (áður 2A) og Varmalækur; Melakvísl 2A; Stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 9.10.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 274,2 fm lóð, Melakvísl 2a. Verið er að skipta upp lóðinni L210669 sem fær nú staðfangið Melakvísl 2b en var áður 2a. Einnig færist 17,8 fm bútur frá Varmalæk yfir í Melakvísl 2a, nýja lóð.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðrar vegtengingar. Jafnframt er óskað eftir því að merkjalýsingin sé uppfærð þannig að fyrirhuguð vegtenging sjáist.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við framlagða merkjalýsingu með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðrar vegtengingar. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir því að merkjalýsing sé uppfærð þannig að fyrirhuguð vegtenging sjáist.

Mál nr. 33. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. desember sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. desember sl.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

4. SASS: Fundargerð 630. fundar stjórnar frá 7. nóvember 2025.

Lögð fram fundargerð 630. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. SASS: Fundargerð 631. fundar stjórnar frá 5. desember 2025.

Lögð fram fundargerð 631. fundar stjórnar SASS.

Afgreiddur er sérstaklega liður 4. í fundargerðinni vegna breytinga á umgjörð og rekstri SOS sem þarfnast aðkomu SASS.

Á aðalfundi SOS 24. október sl. var samþykkt að hefja undirbúning að breytingum á rekstri og starfsemi SOS þar sem daglegur rekstur og faglegt starf SOS yrði falið SASS á grundvelli samning þess efnis.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti aðkomu SASS að verkefninu í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirbyggjandi samningsdrög.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials: DGS, SSS, ARJ, OSV, and a large stylized signature.

6. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 250. fundar frá 2. desember 2025.
-Ásamt sameiginlegu bréfi heilbrigðiseftirlita á landsbyggðinni um veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar.

Lögð fram fundargerð 250. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt sameiginlegu bréfi heilbrigðiseftirlita á landsbyggðinni um veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar.

Fundargerðin ásamt sameiginlegu bréfi heilbrigðiseftirlita á landsbyggðinni lögð fram til kynningar.

7. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 340. fundar frá 2. desember 2025.

Lögð fram fundargerð 340. fundar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn vísar í afgreiðslu fyrr á þessum fundi varðandi breytingu á umgjörð og rekstri SOS.

8. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 341. fundar frá 10. desember 2025.

Lögð fram fundargerð 341. fundar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar en fulltrúi sveitarfélagsins á aukaaðalfundi sem halda á þann 12. janúar 2026 er Aldís Hafsteinsdóttir, varamaður hennar er Jón Bjarnason. Vakin er athygli á því að sveitarstjórnarfulltrúar sem ekki eru kjörnir fulltrúar og sveitarstjórnar hafa heimild til setu á fundinum sem áheyrnarfulltrúar. Eru þessir aðilar sérstaklega hvattir til að mæta.

Erindi til sveitarstjórnar:

9. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 25. nóvember 2025.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem kynnt er að Samband íslenskra sveitarfélaga taki yfir söfnun fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2026, næstu þriggja ára þar á eftir sem og útgönguspá fyrir 2025.

Lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá SASS frá 12. desember 2025.

-Ásamt fundarboði auka aðalfundar SOS og gögnum um breytingu á starfsemi SOS.

Lagt fram bréf frá SASS vegna breytinga á umgjörð og rekstri Sorpstöðvar Suðurlands.

Lagt fram til kynningar en nánar verður fjallað um málið á aukaaðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands sem halda á þann 16. janúar 2026.

11. Bréf frá Háskólafélagi Suðurlands frá 10. desember 2025.

Lagt fram bréf frá Háskólafélagi Suðurlands vegna áhersluverkefnisins „Nýsköpunarstefna fyrir Suðurland“. Verkefnið, sem styrkt er af Sóknaráætlun Suðurlands, felur í sér að Háskólafélagið leiði mótun heildstæðrar stefnu til að samræma og efla nýsköpunarstarf í landshlutanum.

Lagt fram til kynningar um leið og Jón Bjarnason er tilnefndur sem fulltrúi sveitarfélagsins í verkefninu.

12. Bréf frá stofnendum Skólahreystis frá desember 2025.

Lagt fram bréf frá stofnendum Skólahreystis þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 250.000 kr. vegna endurnýjunar á keppnisvelli fyrir Skólahreysti.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 75.000,-.

HA DGS JBJ ARJ BL

13. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar falli niður og því verði næsti fundur sveitarstjórnar haldinn þann 15. janúar 2026, kl. 14:00.

Fjárhagsleg málefni:

14. Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Lagðar fram reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

15. Gjaldskrá Félagsheimili Hrunamanna.

Lögð fram gjaldskrá fyrir Félagsheimili Hrunamanna.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða.

Mál til kynningar:

16. Fundargerð aðalfundar í Hótel Flúðum ehf. frá 9. desember 2025.

Lagt fram til kynningar.

17. Kynning á seiðapéttleikaniðurstöðum Hafrannsóknarstofnunar á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:06.

Alexandra Róðinn

Stef

Dati Geir Samuelsen

Bjarni Vignisdóttir

Alldi Haptein

Stef